



**Utanríkismálanefnd Alþingis**

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2013

**Umsögn – Tillaga um aukin áhrif Íslands á mótun og töku ákvarðana á vettvangi Evrópusamstarfs – 62. mál.**

Mikilvægi þess að hafa formfestu og reglu hvað varðar með hvaða hætti haldið er á utanríkismálum þjóðarinnar er hornsteinn í traustri utanríkisstefnu til langs tíma. Það ber að efla allar þær stoðir sem geta tryggt betri hagsmunagæslu fyrir Íslendinga og eru þar samskipti landsins við ESB og framkvæmd EES samningsins afar mikilvæg.

Það er grundvallar atriði að varðveita fullveldi landsins og er það best gert með því að virkja þá þætti sem veita Íslenskum kjósendum og fulltrúum þeirra betri yfirsýn og aukin áhrif á mál sem varða hagsmuni landsins. Augljóst er að umrædd tillaga til þingsályktunar um aukin áhrif Íslands á mótun og töku ákvarðana á vettvangi Evrópusamstarfs í eðli sýnu snýst að því að styrkja fullveldið og þær lýðræðislegu stoðir sem fylgja hinni svokölluðu ábyrgðarkeðju.

Það er Íslandi ósæmandi að í auknum mæli komi tilskipanir frá Evrópusambandinu sem eru samþykktar á Alþingi og fela í sér fullveldisframsal án þess að fá nægilega umfjöllun af hálfu íslenskra stjórnvalda og Alþingi, ásamt því að tækifæri til áhrifa hafa ekki verið fullnýtt.

Það vakna efasemdir um ágæti þeirra hugmynda að hafa starfandi sérfræðinga á kostnað íslenska ríkisins hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Þó slíkt gæti vissulega haft kosti í för með sér gæti hæglega orðið vandamál þegar á að skilgreina fyrir hvern tiltekinn sérfræðingur starfar. Sú staða gæti komið upp að sérfræðingur sem væri að vinna að hagsmunum Evrópusambandsins væri með óbeinum eða beinum hætti að vinna gegn hagsmunum Íslendinga á kostnað íslenskra skattgreiðenda, það er skýr umboðsvandi sem fylgir slíku fyrirkomulagi. Nær væri að fylgja öðrum tillögum um að rækta samstarfið innan EFTA, sérstaklega að rækta samstarf við önnur EFTA ríki þar sem sameiginlegir hagsmunir kunna að vera.

Þá er það fagnaðarefni að lagt er til að auka aðgengi kjósenda og kjörinna fulltrúa að upplýsingum um ríkjandi samstarf og samskipti Íslands og Evrópusambandsins. Undirstaða þess að bæta sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar er að almenningur hafi tök á að fræðast og nálgast upplýsingar um EES, EFTA og Evrópusambandið með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Einnig

ætti að vera forgangs atriði að almenningur geti einfaldlega nálgast upplýsingar um nýjar tilskipanir sem ekki hafa verið innleiddar ásamt því að nálgast upplýsingar um gildandi tilskipanir.

Heimssýn hefur enga sérstaka afstöðu hvað varðar aðild Íslands að EES eða Schengen samstarfsins, þó telja samtökin að fátt sé mikilvægara í utanríkismálum landsins en að tryggja áhrif landsins, að bæta stöðugt hagsmunagæslu þess og að verja fullveldi Íslands.

Fyrir hönd Heimssýnar  
Gunnlaugur Snær Ólafsson  
Framkvæmdastjóri